

LYFJAEFTIRLITSREGLUR ÓLYMPÍUHREYFINGARINNAR**VIÐAUKI A****BANNAÐIR EFNAFLOKKAR OG AÐFERÐIR 2001-2002****Gildir frá 1. september 2001****I BANNAÐIR EFNAFLOKKAR****A. Örvandi efni**

Eftirfarandi efni eru dæmi um bönnuð efni í flokki A:

amineptine, amiphenazole, amphetamines, bromantan, caffeine*, carphedon, cocaine, ephedrine, fencamfamin, formoterol***, mesocarb, pentetrazol, pipradrol, salbutamol***, salmeterol***, terbutaline***,**

... og skyld efni.

* Styrkur caffeine í þvagi má ekki vera meiri en 12 míkrógrömm í millilítra.

** Styrkur cathine í þvagi má ekki vera meiri en 5 míkrógrömm í millilítra. Styrkur ephedrine og methylephedrine í þvagi má ekki vera meiri en 10 míkrógrömm í millilítra. Styrkur phenylpropanolamine og pseudoephedrine í þvagi má ekki vera meiri en 25 míkrógrömm í millilítra.

*** Aðeins leyft sem innöndunarlyf til að fyrirbyggja og/eða meðhöndla astma eða áreynsluastma. Nauðsynlegt er að leggja fram skriflegt vottorð um astma eða áreynsluastma frá sérfræðingi í öndunarfærasjúkdómum eða lækni viðkomandi íþróttaliðs/hóps, við ábyrgðaraðila lyfjæftirlits, áður en keppni hefst¹⁾. Á Ólympíuleikum munu heilsufarsupplýsingar um þá íþróttamenn sem óska eftir leyfi til notkunar þessara lyfja, verða metnar af óháðu lækna ráði.

ATH: Staðbundin yfirborðsnotkun allra lyfja sem innihalda imidazole er leyfileg. Leyfilegt er að nota æðþrengjandi efni með staðeyfilyfjum. Staðbundin yfirborðsnotkun allra lyfja sem innihalda adrenaline eða phenylephrine er leyfileg, t.d. í nef, augu eða endaþarm.

B. Deyfi- og verkjalyf

Eftirfarandi efni eru dæmi um bönnuð efni í flokki B:

buprenorphine, dextromoramide, diamorphine (heroin), methadone, morphine, pentazocine, pethidine,

... og skyld efni.

ATH: Leyfilegt er að nota codeine, dextromethorphan, dextropropoxyphene, dihydrocodeine, diphenoxylate, ethylmorphine, pholcodine, propoxyphene og tramadol.

¹⁾ Innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands er þessari tilkynningaskyldu framfylgt þannig að íþróttamaður sem notar viðkomandi innöndunarlyf skal geta lagt fram umbeðið læknisvottorð sé farið fram á það. Þetta felur í sér að unnt er að leggja læknisvottorðið fram eftir að lyfjæftirlitið er framkvæmt. Ef íþróttamenn innan ÍSÍ keppa undir lögsögu annarra ábyrgðaraðila lyfjæftirlits (s.s. íþróttasamtaka annarra landa, alljóðlegra sérsambanda eða Ólympíuhreyfingarinnar), þurfa þeir við slík tækifæri að fylgja reglum viðkomandi ábyrgðaraðila um framkvæmd tilkynningaskyldu varðandi þessi lyf.

C. Vefaukandi efni

Eftirfarandi efni eru dæmi um bönnuð efni í flokki C:

1. Vefaukandi karlkynssterahormón (anabolic androgenic steroids)

a.

clostebol, fluoxymesterone, metandienone, metenolone, nandrolone, 19-norandrostenediol, 19-norandrostenedione, oxandrolone, stanozolol,

... og skyld efni.

b.

androstenediol, androstenedione, dehydroepiandrosterone (DHEA), dihydrotestosterone, testosterone*,

... og skyld efni.

Heimilt er að styðjast við upplýsingar um efnaskipti viðkomandi einstaklings (metabolic profile) og/eða greiningu á ísótópahlutfalli til að draga endanlegar ályktanir um hvort misnotkun þessara lyfja hafi átt sér stað.

* Hærra T/E-hlutfall (hlutfall testosterone (T) á móti epitestosterone (E)) en 6:1 í þvagi telst sönnun um lyfjamisnotkun nema sannað verði að svo hátt hlutfall stafi af sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum iðkandans, t.d. lágum útskilnaði epitestosterons, æli sem framleiðir karlkynssterahormón eða skorti á lífhvötum.

Ef T/E-hlutfall í þvagsýni er hærra en 6:1 ber ábyrgðaraðila þess lyfjaeftirlits er leiddi það í ljós skylda til að rannsaka málið áður en lyfjamisnotkun telst sönnuð. Skrifna skal ítarlega skýrslu um málið og skal hún innihalda yfirlit um niðurstöður úr fyrri og síðari prófum á sama iðkanda og niðurstöður úr rannsóknum á hormónastarfsemi hans, ef þær hafa verið framkvæmdar. Ef iðkandinn hefur ekki verið prófaður fyrr skal prófa hann án fyrirvara a.m.k. einu sinni í mánuði á þriggja mánaða tímabili. Niðurstöður þeirra prófa skulu koma fram í skýrslunni. Ef iðkandinn neitar að taka þátt í slíkri rannsókn telst lyfjamisnotkun hans sönnuð.

2. Beta-2 virk efni (beta-2 agonists)

bambuterol, clenbuterol, fenoterol, formoterol*, reproterol, salbutamol*, salmeterol*, terbutaline*,

... og skyld efni.

* Aðeins leyft sem innöndunarlyf með þeim skilmálum sem lýst er í grein I A.

Notkun salbutamol sem vefaukandi efnis telst ekki refsiverð nema styrkur þess í þvagi sé meiri en 1000 nanógrömm í millilítra.

D. Þvagrásilyf

Eftirfarandi efni eru dæmi um bönnuð efni í flokki D:

acetazolamide, bumetanide, chlorthalidone, ethacrynic acid, furosemide, hydrochlorothiazide, mannitol*, mersalyl, spironolactone, triamterene,

... og skyld efni.

* Eingöngu er bannað að gefa lyfið í æð.

E. Peptíðhormón, hermiefni og eftirlíkingar

Eftirfarandi efni, hermiefni þeirra og eftirlíkingar (mimetics and analogues) eru dæmi um bönnuð efni í flokki E:

1. **Chorionic Gonadotrophin** (hCG); eingöngu bannað hjá körlum
2. **Heiladungulsgonadotrophin og tilbúin (synthetic) gonadotrophin** (LH) ; eingöngu bannað hjá körlum
3. **Corticotrophin** (ACTH, tetracosactide)
4. **Vaxtarhormón** (hGH)
5. **Insulin-like Growth Factor** (IGF-1)

Öll boðefni sem stuðla að aukinni framleiðslu og/eða losun ofangreindra efna, svo og hermiefni þeirra og eftirlíkingar, eru einnig bönnuð.

6. **Erythropoietin** (EPO)
7. **Insúlín**

Insúlín er aðeins leyft til að meðhöndla insúlínháða sykursýki. Nauðsynlegt er að leggja fram skriflegt vottorð um insúlínháða sykursýki frá sérfræðingi í innkirtlasjúkdómum eða lækni viðkomandi íþróttaliðs/hóps, við ábyrgðaraðila lyfjaeftirlits²⁾.

Óeðlilega hár styrkur hormóna í flokki E, eða annarra efna sem nota má til að greina tilvist þeirra, í þvagsýni iðkanda telst sönnun um lyfjamisnotkun nema sannað verði að hann stafi af sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum iðkandans.

II BANNAÐAR AÐFERÐIR

Eftirfarandi aðferðir eru bannaðar:

1. Misnotkun blóðgjafa. Með misnotkun blóðgjafa er átt við inngjöf heilblóðs, rauðra blóðkorna, og/eða skyldra blóðafurða í blóðrás íþróttaiðkanda, einnig að undangenginni aftöppun blóðs úr blóðrás íþróttaiðkandans, sem síðan heldur áfram æfingum í blóðskertu ástandi.
2. Inngjöf tilbúinna súrefnisburðarefna eða efna sem auka rúmmál blóðvökva.
3. Fölsun sýna með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum.

III EFNAFLOKKAR SEM ERU HÁÐIR SÉRSTÖKUM TAKMÖRKUNUM

A. Alkóhól

Til þess bærir aðilar geta ákveðið að alkóhól skuli greint í sýnum sem tekin eru við lyfjaeftirlit.

B. Kannabisefni

Til þess bærir aðilar geta ákveðið að kannabisefni (t.d. marijuana og hass) skuli greind í sýnum sem tekin eru við lyfjaeftirlit. Kannabisefni eru greind í sýnum sem tekin eru við lyfjaeftirlit á Ólympíuleikum. Styrkur 11-nor-delta-9-tetrahydrocannabinol-9-carboxylic acid (carboxy-THC) í þvagi má ekki vera meiri en 15 nanógrömm í millilítra.

²⁾ Innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er þessari tilkynningaskyldu framfylgt þannig að íþróttamaður sem notar insúlín skal geta lagt fram umbeðið vottorð, sem eigi skal vera eldra en þriggja ára, sé farið fram á það.

C. Staðdeyfilyf

Staðdeyfilyf til innsprautunar eru leyfð með eftirfarandi skilyrðum:

- bupivacaine, lidocaine, mepivacaine, procaine og skyld efni eru leyfð, en ekki cocaine. Æðafrengjandi efni má nota með staðdeyfilyfjum.
- aðeins má gefa þessi efni með staðbundinni innsprautun eða innsprautun í lið
- aðeins má gefa þessi efni þegar það er nauðsynlegt af læknisfræðilegum ástæðum

Til þess bærir aðilar geta ákveðið að skylt sé að tilkynna ábyrgðaraðila lyfjaeftirlits alla notkun staðdeyfilyfja.

D. Barksterar

Bannað er að taka inn barkstera um munn eða endaþarm eða sprauta þeim í blóðrás eða vöðva.

Ef læknisfræðileg þörf krefur er heimilt að sprauta barksterum í lið eða staðbundið í vefi. Til þess bærir aðilar geta ákveðið að skylt sé að tilkynna ábyrgðaraðila lyfjaeftirlits alla notkun barkstera.

E. Beta-blokkarar

Dæmi um beta-blokkara eru:

acebutolol, alprenolol, atenolol, labetalol, metoprolol, nadolol, oxprenolol, propranolol, sotalol, ... og skyld efni.

Til þess bærir aðilar geta ákveðið að beta-blokkarar skuli greindir í sýnum sem tekin eru við lyfjaeftirlit.

**YFIRLIT YFIR ÞANN STYRK TILTEKINNA EFNA Í ÞVAGSÝNUM
SEM SKILGREINDUR ER SEM LYFJAMISNOTKUN OG
RANNSÓKNARSTOFUM ER SKYLT AÐ SKÝRA FRÁ**

caffeine	>12 míkrogrömm/millilítra
carboxy-THC	>15 nanógrömm/millilítra
cathine	>5 míkrogrömm/millilítra
ephedrine	>10 míkrogrömm/millilítra
epitestosterone	>200 nanógrömm/millilítra
methylephedrine	>10 míkrogrömm/millilítra
morphine	>1 míkrogramm/millilítra
19-norandrosterone hjá körlum	>2 nanógrömm/millilítra
19-norandrosterone hjá konum	>5 nanógrömm/millilítra
phenylpropanolamine	>25 míkrogrömm/millilítra
pseudoephedrine	>25 míkrogrömm/millilítra
salbutamol (sem örvandi efni)	>100 nanógrömm/millilítra
salbutamol (sem vefaukandi efni)	>1000 nanógrömm/millilítra
T/E hlutfall	>6

IV LYFJAEFTIRLIT UTAN KEPPNI

Ef til þess bærir aðilar ákveða ekki annað, beinist lyfjaeftirlit utan keppni eingöngu að bönnuðum efnum í flokkum IC (vefaukandi efni), ID (þvagræsilyf) og IE (peptíðhormón, hermiefni og eftirlíkingar).

DÆMI UM BÖNNUÐ EFNI OG AÐFERÐIR

ADVÖRUN: Þetta er ekki tæmandi listi yfir bönnuð efni. Mörg efni sem ekki eru tilgreind á þessum lista eru eigi að síður bönnuð samkvæmt orðalaginu "og skyld efni".

Íþróttaiðkendur bera sjálfir ábyrgð á að lyf (bæði lyfseðilsskyld lyf og önnur lyf), fæðubótarefni og önnur efni sem þeir nota, innihaldi ekki bönnuð efni.

ÖRVANDI EFNI:

amineptine, amfepramone, amiphenazole, amphetamine, bambuterol, bromantan, bupropion, caffeine, carphedon, cathine, cocaine, cropropamide, crotethamide, ephedrine, etamivan, etilamphetamine, etilefrine, fencamfamin, fenetylline, fenfluramine, formoterol, heptaminol, mefenorex, mephentermine, mesocarb, methamphetamine, methoxyphenamine, methylenedioxyamphetamine, methylephedrine, methylphenidate, nikethamide, norfenfluramine, parahydroxyamphetamine, pemoline, pentetrazol, phendimetrazine, phentermine, phenylephrine, phenylpropanolamine, pholedrine, pipradrol, prolintane, propylhexedrine, pseudoephedrine, reproterol, salbutamol, salmeterol, selegiline, strychnine, terbutaline,

DEYFI- OG VERKJALYF:

buprenorphine, dextromoramide, diamorphine (heroin), hydrocodone, methadone, morphine, pentazocine, pethidine,

VEFAUKANDI EFNI:

androstenediol, androstenedione, bambuterol, boldenone, clenbuterol, clostebol, danazol, dehydrochlormethyltestosterone, dehydroepiandrosterone (DHEA), dihydrotestosterone, drostanolone, fenoterol, fluoxymesterone, formebolone, formoterol, gestrinone, mesterolone, metandienone, metenolone, methandriol, methyltestosterone, mibolerone, nandrolone, 19-norandrostenediol, 19-norandrostenedione, norethandrolone, oxandrolone, oxymesterone, oxymetholone, reproterol, salbutamol, salmeterol, stanozolol, terbutaline, testosterone, trenbolone,

ÞVAGRÆSILYF:

acetazolamide, bendroflumethiazide, bumetanide, canrenone, chlortalidone, ethacrynic acid, furosemide, hydrochlorothiazide, indapamide, mannitol (gefið í æð), mersalyl, spironolactone, triamterene,

LYF SEM DYLJA LYFJAMISNOTKUN (MASKING AGENTS):

bromantan, þvagræsilyf (sjá hér að ofan), epitestosterone, probenecid,

PEPTÍÐHORMÓN, HERMIEFNI OG EFTIRLÍKINGAR:

ACTH, erythropoietin (EPO), hCG*, hGH, insulin, LH*, clomiphene*, cyclofenil*, tamoxifen*, aromatasa hindrar (aromatase inhibitors)*,

* eingöngu bannað hjá körlum

BETA-BLOKKARAR:

acebutolol, alprenolol, atenolol, betaxolol, bisoprolol, bunolol, carteolol, celiprolol, esmolol, labetalol, levobunolol, metipranolol, metoprolol, nadolol, oxprenolol, pindolol, propranolol, sotalol, timolol.